



### Aukaspyrna á kanti fjær aðstoðardómara.




Dómari staðsetur sig þannig að hann geti stjórnað fjarlægð varnarveggs frá knettinum, hafi góða sýn á leikmönnum, hann hafi sem flesta leikmenn milli sín og aðstoðardómara og sjái vel til hans.

### Aukaspyrna fyrir utan vítateig fjær aðstoðardómara




Dómari staðsetur sig vinstramegin við knöttinn, getur stjórnað fjarlægð varnarmanna frá knettinum, hefur auga á sóknamönnum "inni" varnarveggnum sem og leikmönnum sem staðsetja sig fjær og sér einnig vel til aðstoðardómara.

## Hornspyrna hjá aðstoðardómara




Dómarinn staðsetur sig vinstramegin á vítateigslínunni, sér vel það sem gerist fyrir framan markið og einnig vel til aðstoðardómarans.

## Akaspyrna fyrir utan vítateig nær aðstoðardómara




Dómarinn staðsetur sig vinstra megin þannig að hann sjái sem best til sem flestra leikmanna inní vítateignum, geti einnig haft auga með varnarveggnum og sjái vel til aðstoðardómarans.

## Aukaspyrna út á kanti hjá aðstoðardómara fjær




Dómarinn staðsetur sig vinstramegin í hornalínukerfinu þannig að hann hafi sem flesta leikmenn milli sín og aðstoðardómarans og sjái einnig vel til knattarins og þess sem er að gerast þar.

## Hornspyrna fjær aðstoðardómara



Dómarinn staðsetur sig vinstramegin á vítateigslínunni, sér vel það sem gerist fyrir framan markið og einnig vel til aðstoðardómarans.

## Innkast hjá aðstoðardómara



Dómarinn staðsetur sig þannig að hann geti fylgst með sem flestum leikmönnum og reynir að sjá fyrir hvað gerist næst, hafi sérstakar gætur á aftari hópnum.